



Félag um menntarannsóknir  
Ársskýrsla 2008 til 2009

Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:

- Amalía Björnsdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ formaður
- Gerður G. Óskarsdóttir, sjálfstætt starfandi fræðimaður, ritari
- Eyrún M. Rúnarsdóttir, Menntavísindasvið HÍ gjaldkeri
- Meyvant Þórólfsson, lektor við Menntavísindasvið HÍ meðstjórnandi
- Sigurlína Davíðsdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ meðstjórnandi
- Sigurjón Mýrdal, menntamálaráðuneytinu, meðstjórnandi

Varamenn

- Almar Halldórsson, Námsmatsstofnun
- Gretar Marinósson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ

**Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:**

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
- efla tengsl og samstarf félaganna
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum
- skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Félagsmenn eru 331 í mars 2009 og hefur þeim fjölgað um tug á síðasta ári.

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig stjórn félagsins vann að þessum markmiðum.

**Heimasíða félagsins**

Heimasíða félagsins hefur verið uppfærð reglulega og settar inn fréttir og upplýsingar. Meyvant Þórólfsson hefur séð um heimasíðuna.

**Póstlistinn**

Póstlistinn fum@khi.is var notaður fram af ári en var lokað vegna mikils magns ruslpóst sem flæddi þar í gegn. Nú eru upplýsingar sendar í hefðbundnum

tölvupósti. Nokkrum erfiðleikum er bundið að halda utan um breytingar á netföngum og er mikilvægt að félagsmenn tilkynni um breytt netföng.

### **Námskeið**

Laugardaginn 15. nóvember voru haldin stutt hagnýt námskeið í Excel og Word. Almar Halldórsson kenndi um Excel og Baldur Sigurðsson um Word.

Laugardaginn 5. mars hélt FUM síðan stutt hagnýt námskeið um möguleika Power Point. Kennari var Hafþór Guðjónsson.

Öll námskeiðin voru haldin í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ sem lagði til húsnæði fyrir þau.

### **Tímarit**

Fimmta tölublað tímarits Fum, „Tímarit um menntarannsóknir“ kom út. Ritstjóri þess var Gretar Marinósson. Í ritstjórn sátu auk hans þau Hafdís Ingvarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristján Kristjánsson og Sif Einarsdóttir. Í samræmi við markaða stefnu stjórnar og ritstjórnar var tímaritið ritrynt og faglegar kröfur hafðar í fyrirrúmi.

Hafdís Ingvarsdóttir og Kristín Jónsdóttir ganga nú úr ritnefnd og þökkum við þeim vel unnin störf. Ný stjórn mun ganga frá skipun nýrrar ritnefndar.

Unnið hefur verið að því að móta stefnu fyrir ritstjórn tímarits, útbúa samninga, milli stjórnar og ritstjórnar, um útgáfu tímaritsins, bættar hafa verið leiðbeiningar til höfunda og verkferill við útgáfu tímaritsins. Með þessu er verið að skerpa á verkaskiptingu stjórnar og ritstjórnar og einnig að skerpa á stefnu tímaritsins. Einnig var gert átak í að afla áskrifenda úr hópi skóla og bókasafna. Eru áskrifendur nú rúmlega 50 talsins.

### **Íðorðasafn**

Skipuð hefur verið orðanefnd til að vinna að framgangi þessa verkefnis. Í henni sitja:

Gerður Óskarsdóttir, formaður, fulltrúi FUM

Guðrún Geirsdóttir, fulltrúi FUM

Jón I. Hannesson, fulltrúi KÍ

Baldur Sigurðsson, fulltrúi Menntavísindasviðs

Þuríður Jóhannsdóttir, fulltrúi Menntavísindasviðs

### **Stefnu og framkvæmdaáætlun næsta árs.**

Ný formaður tekur nú við og endurnýjun verður í stjórn. Það er því eðlilegt að ný stjórn móti stefnu og framkvæmdaáætlun næsta árs. Föst verkefni eru þó útgáfa tímaritsins og ráðstefna sem halda á fyrrihluta árs 2010.